



Skýrsla stjórnar starfsársins apríl 2025 – apríl 2026

Þetta síðasta starfsár hefur verið viðburðarríkt hjá stjórn Fáks. Það hófst með ritun bréfs til starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um forgangsröðun íþróttamannvirkja. Vinnu þessa starfshóps átti að vera lokið í ágúst en núna rúmlega hálfu ári síðar er starfshópurinn enn að störfum og hefur ekki lagt fram niðurstöðu vinnu sinnar. Samkvæmt nýjstu upplýsingum verður engin niðurstaða fyrir en eftir kosningar. Við vitum því ekki enn þá hvar við erum í forgangsröðuninni með þau verkefni sem við lögðum fyrir nefndina. Þau verkefni sem við lögðum áherslu á voru eftirfarandi: reiðvegafé, kennslureiðskemma í Víðidal, reiðskemma í Almannadal, viðhald og endurbætur félagshesthúss, lóðarleigusamninga, yfirbyggðan keppnisvöll og framtíðarsýn fyrir Víðidalssvæðið.

Í vor héldum við vinnustofu með Áslaugu Örnú um hvað við gætum gert betur í starfi félagsins og við fengum margar góðar hugmyndir í sarpinn sem við höfum verið að vinna úr. Við ræddum líka hvað væri góður Fáksandi og niðurstaðan var að hann ætti að vera hvetjandi, jákvæður og skemmtilegur. Fáksandinn hefur líka smátt og smátt batnað eftir því sem liðið hefur á starfsárið og jákvæðni félagsmanna aukist.

Í júní var haldið stærsta Reykjavíkarmeistaramót sem nokkurn tíma hefur verið haldið og var sett heimsmet í skráningum á mótið. Þar sem ég var búin að bóka mig í hestaferð á þessum tíma með löngum fyrirvara, fékk ég Willum Þór Þórsson, forseta ÍSí til að veita verðlaun fyrir mig á mótinu. Reyndist þetta gæfurík ákvörðun þar sem góður vinskapur tókst á með Lindu formanni LH og Willum. Er Willum nú kominn vel inn í heim hestaíþróttarinnar og hefur veitt verðlaun á öllum helstu stórmótum. Hestaíþróttin er því komin rækilega á blað hjá ÍSí eftir árið.

Skipulagsmál hafa verið stór þáttur af störfum stjórnar á árinu. Við skrifuðum athugasemd við skipulagslýsingu Heiðmerkur ásamt hinum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu, sem leiddi til þess að hestamenn eru eini útivistarhópurinn sem sérstaklega er tilgreindur í samantekt um athugasemdir við skipulagslýsinguna. Einnig voru skrifaðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur um tvöföldun Suðurlandsvegur og við höfum komið að okkar sjónarmiðum varðandi breikkun Breiðholtsbrautar sem er ekki enn komin á hönnunarstig. Við höfum einnig aðstoðað vini okkar í nágrennahestamannafélögum en við skrifuðum umsagnir til að styðja við bæði Sprett og Hörð varðandi skipulagsmál sem hafa áhrif á þeirra félagsvæði.

Það er ljóst að það er von á miklum framkvæmdum á næstu árum í okkar nánasta umhverfi. Fyrir utan tvöföldun Suðurlandsvegur sem nú er í deiliskipulagsferli, verður unnið að endurnýjun stofnæðar hitaveitu sem liggur með Breiðholtsbraut og alla leið upp í hitaveitutankana á Hólmsheiði. Einnig verða kaldavatnslagnir sem liggja um félagsvæði félagsins endurnýjaðar. Það er því von á röskun reiðleiða vegna framkvæmda á næstu árum. Því er mikilvægt að vinna vel að undirbúningi þessara framkvæmda og hafa verið haldnir undirbúningsfundir með Veitum vegna þessa.

Í lok sumars skrifaði stjórn félagsins bréf til borgarráðs um eftirlit byggingarfulltrúa og byggingarleyfisveitingar í Almannadal. Mikið er um búsetu í hverfinu og hesthús innréttuð annað hvort sem íbúðahús, verkstæði, geymslur, lagerar eða annað. Í ræðu minni í fyrra sagði ég að mikil tækifæri leyndust í að byggja hverfið upp sem hesthúshverfi og stend ég við þau orð. Hvorki Fákur né Reykjavíkurborg hafa samþykkt búsetu fólks í hverfinu, né nokkuð annað og hefur stjórn félagsins beitt sér gegn þessari búsetu innan Reykjavíkurborgar. Þótt ekki sé enn farinn að sjást árangur af þeirri vinnu má segja að það sé að minnsta kosti búið að koma þeim skilaboðum rækilega til skila til Reykjavíkurborgar að við þetta verði ekki unað. Við munum beita fyrir okkur lóðaleigusamningum í þessu verkefni og í skoðun



er að rifta lóðaleigusamningum þeirra húsa sem ekki eru nýtt sem hesthús. Svæðið er á aðalskipulagi skilgreint sem íþróttasvæði og er deiliskipulagt sem hesthúsabyggð. Engin önnur starfsemi á að vera á svæðinu og svæðið er ekki hugsað eða deiliskipulagt til búsetu.

Á haustmánuðum hófst vinna við umsókn félagsins að því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Ættu félagsmenn að hafa orðið þess varir þar sem búið er að setja hinar ýmsu stefnur og reglur sem eru skilyrði fyrir því að félagið geti talist fyrirmyndarfélag. Þetta er mikilvægur áfangi því þeir aðilar sem veita félaginu styrki gera ýmsar kröfur á félagið og þá umgjörð sem er á starfsemi þess. Að verða fyrirmyndarfélag er gæðastimpill frá ÍSÍ. Við settum okkur það markmið að geta tekið við viðurkenningu ÍSÍ á Reykjavíkurmestaramóti núna í júní. Vinnustofa um stefnumótun félagsins var síðasti hlekkurinn á því verkefni. Í kjölfar þessa fundar verða lög félagsins send til staðfestingar ÍSÍ og ÍBR. Hafin er vinna við uppsetningu handbókarinnar og þegar hún er tilbúin getum við sent hana inn til ÍSÍ. Við stefnum á að markmið okkar um að geta tekið við viðurkenningu frá ÍSÍ á Reykjavíkurmestaramóti félagsins í júní næstkomandi standist.

Í haust voru haldnar tvær glæsilegar uppskeruhátíðir, fyrst fyrir ungmenni og fullorðna og síðar fyrir polla, börn og unglina. Tókust þessar uppskeruhátíðir sérstaklega vel. Stofnaður var afreks- og hvatningsrjóður Fáks, þar sem 10% af hagnaði félagsins er lagt í sjóðinn. Sú forsenda er því fyrir því að til verði fjármagn í sjóðinn, er að félagið sé rekið með hagnaði. Rétt fyrir byrjun þorra var haldið glæsilegt og vel heppnað þorrablot og komust færri að en vildu. Hefðbundin karla- og konukvöld voru haldin sem einnig tókust vel. Dagur reiðmennskunnar og stórsýning Fáks voru haldin núna í mars, þar sem Hólanemar kynntu fyrir okkur þjálfunarstigann og félagsmenn komu fram og sýndu okkur hestakost sinn og skrautreiðir. Tókst þessi dagur einstaklega vel. Á árinu var hleypt nýju lífi í félagsreiðtúra og hefur þátttaka í þeim verið góð. Það hefur því verið líflegt yfir félagslífi félagsins á árinu. Þess ber að minnast að allt félagsstarf félagsins byggist upp á óeigingjörnu sjálfboðaliða starfi. Færum við þeim kærar þakkir sem hafa lagt félaginu lið með vinnuframlagi sínu við sjálfboðaliðastörf.

Í haust fengum við góða heimsókn frá borgarfulltrúum Framsóknarflokksins, þar sem við kynntum fyrir þeim félagið, þær áskoranir sem við erum að takast á við og þau tækifæri sem við sjáum í framtíðinni. Í framhaldi af þessari heimsókn lagði Framsóknarflokkurinn fram tillögu í borgarstjórn um stefnumörkun fyrir hestamennsku í borginni. Þessi tillaga þeirra var samþykkt og liggur nú á borði sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs hjá Reykjavíkurborg. Eftir kosningar mun stjórn setja þrýsting á að þessi stefnumörkunarvinna borgarinnar verði hafin. Við höfum einnig fengið góða heimsóknir frá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Samfylkingar og svo eigum við von á Viðreisn á morgun.

Núna í febrúar héldum við vinnustofu um stefnumörkun félagsins þar sem félagsmönnum gafst tækifæri til að hafa áhrif á stefnu félagsins næstu árin. Við byrjuðum vinnustofuna á að skilgreina gildi félagsins. Útkomuna má sjá hér að ofan en hún var í takti við skilgreiningu á góðum félagsanda frá vinnustofunni með Áslaugu, þ.e. samvinna, jákvæðni, gleði og framsækni. Þessi vinnustofa tókst vel og er afraksturinn að sjá hér á skjánum fyrir ofan okkur. Það er ljóst að bætt aðstaða á félagssvæðum félagsins og lóðaleigusamningar standa efst í huga þeirra sem sóttu vinnustofuna. Nú er verkefni þeirrar stjórnar sem kjörin verður á þessum fundi að vinna eftir þeirri stefnu sem skilgreind hefur verið af félagsmönnum.

Ég vil ljúka þessari yfirferð um starfið á árinu með því að þakka félagsmönnum samstarfið á árinu. Það er mikið verk að vinna og við munum halda ótrauð áfram með nýrri stjórn.

Hlíf Sturludóttir, formaður
